

139 Þetta er stiptsyfirvöldunum hjermed þjónustusamlega til vitundar gefið
10. sept. til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið um-
getna lán mun geta fengizt úr landssjóði.

140 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa**
10. sept. **prestakalli.** — Samkvæmt beiðni prestsins að Helgafelli, Sigurðar prófasts Gunn-
arssonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknan-
legu brjefi, dagsettu 4. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að
nefndur prófastur fái 5500 króna embættislán upp á Helgafellsprestakall, þannig
að hann gegn þessari upphæð afsali til prestakallsins sem embættisbústað hús-
eign þeirri, sem hann nýlega hefur byggt í Stykkishólmi, og sem samkvæmt nefndu
brjefi stiptsyfirvaldanna er tvíloftað timburhús, 14 álna langt og 12 álna breitt,
járnpakið, með átóstum skúr jafn-löngum húsinu og undir honum kjallara 6 × 3
álnir að stærð, og með því fyrirkomulagi að öðru leyti, sem tekið er fram í
ofanefndu brjefi. Enn fremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að
haldið verði eptir af láninu 400 krónum, þar til sannað er á fulltryggjandi hátt,
að allt húsið hafi verið klætt utan með bárujárni, að lánið verði ávaxtað og
endurborgað af tekjum prestakallsins á 28 árum frá lántökudegi að telja með
jafnri upphæð árlega, auk vaxta, að húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum,
svo og lóðarrjettindum þeim, sem því fylgja á hverjum tíma, verði eign presta-
kallsins, að sannað sje á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað,
að húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvoðaábyrgð fyrir 6500 kr.
að minnsta kosti, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför
hans eða fráfall í gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjermed þjónustusamlega til vitundar gefið
til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið um-
getna lán mun geta fengizt úr landssjóði.

141 **Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um skatt af**
10. sept. **húsi í verzlunarstað.** — Eptir móttöku þóknans brjefs yðar, herra sýslumaður,
dagsetts 28. júlí þ. á., þar sem þjer látið uppi álit yðar um fyrirspurn Markúsar
kaupmanns Snæbjarnarsonar um það, hvort honum beri að greiða skatt af í-
búðarhúsi sínu á Geirseyri, enda þótt hann hafi ábúð á jörðinni Geirseyri og
noti íbúðarhúsið við ábúðina á jörðinni, skal yður hjer með þjónustusamlega til
vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir nefndum kaup-
manni það, sem hjer fer á eptir.

Með því að hús það, sem hjer er um að ræða, er í verzlunarstað og 1.
gr. laga 14. desbr. 1877 um húsaskatt leggur með berum orðum umgetinn skatt
á öll hús í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, svo framarlega sem þau
eru fullra 500 króna virði, sbr. einnig landshöfðingjabrjef frá 3. janúar. 1879